

7

17. febr.

6. gr.

Brot á móti ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500 kr. og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi fyrir Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarkaupstað. Með auglýsingu getur stjórnarráðið látið reglugjörðina öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði og önnur sveitarfélög, og annast þá sveitarstjórn þau störf, sem bæjarstjórnunum eru ætluð.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 17. febrúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

8

20. febr.

Samþykkt

um breyting á samþykkt 16. des. 1910 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og þeim þiljuðu mótorbátum, sem ekki eru stærri en nemi 15 smálestum, í Vestmannaeyjasýslu.

1. grein hljóði svo:

Frá 1. degi janúarmánaðar til 31. mars, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar seinna að degi en kl. 4 e. h. og frá 1. apríl til loka þess mánaðar kl. 7 e. h.

Frá 1. til 31. janúar má eigi fara til fiskjar fyr en kl. 5 f. h. Frá 1. til 15. febrúar að báðum dögum meðtöldum kl. 4½ f. h. Frá 15. febrúar til loka sama mánaðar kl. 4 f. h. Frá 1. til 15. mars að báðum dögum meðtöldum kl.

3½ f. h. Frá 15. mars til loka þess mánaðar kl. 3 f. h. Frá 1. til 15. apríl að 8
 báðum dögum meðtöldum kl. 2. f. h. og frá 15. apríl til loka sama mánaður eigi 20. febr.
 fyr en kl. 12 á miðnætti.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 18, 14.
 des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lögum nr.
 53, 10. nóv. 1905, lögum nr. 28, 11. júlí 1911 og lögum nr. 27, 22. okt. 1912,
 um viðauka við og breyting á fyrstnefndum lögum, er hjermeð staðfest til að öðlast
 gildi 1. apríl 1917 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 20. febrúar 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson

Reglugjörð

um útflutningsbann á ýmsum vörum.

Smkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra
 ráðstafana útaf Norðurálfúofriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Bannað er að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar
 nauðsynjavörur, svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol, steinolíu o. s. frv.

Ennfremur er bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu smjör,
 sem framleitt er hjer á landi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, sem sigla frá Íslandi, til næstu erlendr-
 ar hafnar, sem það ætlar að koma á.

9

1. mars